

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Búðargil.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 27. september 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Búðargil.

Breytingin tekur til lóðarinnar Búðartröð 2 og felur í sér að byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu á reit A er stækkaður til suðurs um 8 metra. Í fermetrum nemur stækkunin um það bil 70 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 16. janúar 2024,

Einar Sigþórsson verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 30. janúar 2024